

Kæru foreldrar og nemendur.

Þetta haust og vetur er sannarlega ekki búið að vera sá tími sem við hlökkum til eyða saman í samveru og leikjum en við breytum því ekki úr þessu og stöðrum því ekki þar við heldur horfum með björtum augum til komandi tíma.



Við í foreldrafélaginu vildum líka rétt minna á okkur að við erum til staðar ef eitthvað er og erum við öll tilbúin til að aðstoða ef aðstoðar er þörf enda erum við lítið og vonandi samheldið samfélag sem stendur saman.

Þar sem ansi margir eru heima við þessa daga „útaf dotlu“ þá tókum við saman hér að neðan allskonar hluti, leiki og annað sem gaman er að styttu tímann með og njóta samverunnar með fjölskyldum okkar.

Þetta er allt að finna á netinu en oft er nú ansi gott að fá þetta tilbúið til manns ef kostur er og vonandi getið þið nýtt ykkur eitthvað af þessum frábæru hugmyndum.

Við sendum ykkur hlýjar og innilegar kveðjur með von í brjósti að það muni styttu upp innan tíðar.

Foreldrafélagið

1. Heimagerður leir

Búðu til heimagerðan leir með barninu/börnunum.

Það sem þarf er: Einn bolli hveiti, hálfur bolli borðsalt, ein matskeið af olíu, hálf teskeið af „cream of tartar“ og einn bolli af sjóðandi vatni með matarlit.

Þurrefnunum er blandað saman í skál áður en hinu er blandað saman við. Öllu er svo blandað saman með sleif þar til það er orðið eins og deig og það er síðan hnoðað. Hægt er að nota leirinn aftur og aftur ef hann er geymdur í loftþéttum umbúðum.



2. Kjúklingabaunir og hrísgrjón í regnbogalitum

Litaðu kjúklingabaunir og hrísgrjón fyrir ýmsa skemmtilega leiki. Bæði er hægt að mála baunirnar og hrísgrjónin með matarlit eða akrílmálningu.

3. Töframjólk

Búið til listaverk úr töframjólk.

Það sem þarf er: *Skál, mjólk, matarlitir, bómull og eyrnapinnar og uppvottalögur.*

Setjið mjólk í skál, síðan nokkra dropa af matarlit í skálina (ekki hræra það saman við strax). Síðan skal setja slatta af uppvottalegi í bómull. Næst er bómullinn sett ofan í skálina, í miðjuna.

Eyrnapinnana er svo hægt að nota til að búa til listaverk.

4. Risaeðluegg

Búðu til stórskemmtileg og bragðgóð risaeðluegg.

Það sem þarf: *Soðin egg, poki og matarlitir.*

Egg eru lamin létt, svo eggjaskurnin brotni örlítið og þau eru sett hvert í sinn poka ásamt dropum af matarlit. Þeim er síðan rúllað varlega um í pokanum svo liturinn festist á þeim. Þau eru síðan látin standa í nokkrar mínútur áður en þau eru skoluð og skurnin er tekinn af.



5. „Úblekk“

Búðu til svokallað „Úblekk“ (e. Oobleck) töfraefni sem er endalaust skemmtilegt að leika sér að en efnið er eins og blanda af vökva og efni í föstu formi.

Það sem þarf: *Hálfur bolli af vatni, einn bolli maíssterkja, matarlitur.* Þetta er svo allt hrært saman.

6. Chia-slím

Gerðu slím með skemmtilegri áferð með chia-fræjum.

Það sem þarf: *Chia-fræ, vatn og matarlitur.*

Best er að blanda matarlit við vatnið áður en chia-fræjunum er bætt við. Um það bil helmingi meira þarf af vatni en chia-fræjum.

7. Perluskál

Búðu til perluskál með börnunum.

Settu matarolíu í glerskál (sem má fara inn í ofn) og bættu við perlum í litum að eigin vali. Mótaðu perlurnar í skál. Þetta er síðan sett í um 150 gráðu heitan ofn í um 10 mínútur.

Takið upp úr skálinni þegar hún hefur kólnað.

8. Mánasandur og Cheerios-sandur

Það er auðvelt að gera margar mismunandi tegundir af sandi heima hjá sér. Hér eru tvær tegundir. Í mánasandinn þarf: *8 bolla af hveiti, 1 bolla barnaolíu (helst lyktarlausa)*. Auðvelt er jafnframt að gera sand með því að setja Cheerios í matvinnsluvél.

10. Saga á vegg

Klipptu niður myndir af alls konar teiknimyndapersónum, dýrum, trjám, mat o.s.frv. annaðhvort úr ónotuðum bókum, blöðum eða útprentað af netinu. Kennaratyggjó er síðan sett aftan á myndirnar og barnið getur síðan raðað myndunum að vild upp á vegg.

11. Bingo



Hægt er að prenta út fullt af allskonar bingói á <https://www.pinterest.com/pin/15903404922824404/>

12. Spýtur

Skemmtilegar hugmyndir hvað má gera úr spýtum <https://www.instagram.com/p/CWldnFZAiki/>

13. Innileikir - hugmyndir

Góðar hugmyndir <https://www.instagram.com/p/CVPqsQtgmqA/>

Mjög fyndin leikur <https://www.pinterest.com/pin/140806228967644/>

Leikur að fara eftir fyrirmælum <https://www.pinterest.com/pin/68743953219/>

Klifurveggur <https://www.pinterest.com/pin/1970393577204064/>

Actionary <https://www.pinterest.com/pin/25543922876434417/>

Keppni <https://www.pinterest.com/pin/70437485677648/>

Bréfaskutluleikur <https://www.pinterest.com/pin/3940718412977642/>

14. Föndur

Fiðrildi <https://www.pinterest.com/pin/68741150080/>
<https://www.pinterest.com/pin/1829656090051655/>

Mála með bómul <https://www.pinterest.com/pin/5488830787276729/>

Mála með göfflum <https://www.pinterest.com/pin/492649949925639/>

Slím <https://www.pinterest.com/pin/2040762320796315/>



15. Vísindatilraunir

https://www.fantasticfunandlearning.com/fun-with-marshmallows.html?vgo_ee=1JNE5XMOwzK2O0%2FJb3vdih47y7P5Y7TsO21jzdZL5Xo%3D

<https://www.pinterest.com/pin/670332725786798938/>

<https://www.pinterest.com/pin/321725967141935650/>

<https://www.pinterest.com/pin/3518505946599050/>

Hér er einnig skemmtilegum hugmyndum að leikjum

<https://systurogma.is/blogs/news/leikir-og-afthreying-fyrir-bornin>